

Ed. 387. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (EgJ, VS, KP, PK, StG).

Við bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:

Á árinu 1988 skal allt að 202 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 1. mgr. 30. gr. laga, sbr. 4. gr. laga þessara, varið til að draga úr röskun sem söluskattsskylda þessara afurða frá 1. janúar 1988 veldur á verðhlutföllum milli þeirra og dillakjöts. Í þessu skyni er heimilt að endurgreiða framleiðendum afurða alifugla og svína að hluta eða öllu leyti þau grunngjöld sem þeir hafa greitt við fóðurkaup. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslna þessara.

Jafnframt er heimilt að greiða framleiðendum nautakjöts allt að 93 milljónum króna á árinu 1988 í sama skyni.

Endurgreiðslur á grunngjaldi og hinu sérstaka grunngjaldi samkvæmt þessu ákvæði skulu leiða til lækkunar á búvöruverði.